

Ed.

142. Nefndarálit

um frv. til laga um presta þjóðkirkjunnar og prófasta.

Frá mentamálanefnd.

Frv. þetta hefir landsstjórnin lagt fyrir Alþingi eftir ósk biskups. Nefndin hefir nú athugað frv. og komist að þeirri niðurstöðu, að hún geti ekki lagt til, að frv. verði að lögum í þetta sinn, þar sem frv. felur í sjer ýmisleg nýmæli, er snerta mjög presta og söfnuði, en það er hins vegar upplýst af biskupi, að frv. hefir ekki á fullnægjandi hátt verið lagt fyrir synodus og alls ekki leitað álits hjeraðsfunda um málið. Nefndin vill því gera nokkrar athugasemdir við hinar einstöku greinar frv., til ihugunar framvegis.

Í 1. kafla 1. gr. býst nefndin við, að prestar og prófastar sjeu kosnir eins og verið hefir, og væri því rjettara, að þetta væri tekið berum orðum fram í greininni.

Í 2. gr. 2. másl. virðist nefndinni gengið á þau hlunnindi, sem háskóla Íslands eru ætluð með lögum nr. 36, 11. júlí 1911, og kandiðata frá sama skóla, svo að rjettast væri, að þetta atriði væri borið undir háskólann.

Í 4. gr. eru aðalnýmæli frv., og má sjálfsagt um það deila, hve ákvæði þessarar greinar sjeu heppileg. Þar sem í 1. másl. er gert ráð fyrir að veita kandiðötum frá útlendum prestaskólum embætti hjer á landi, virðist nauðsynlegt, að heimtuð væru nánari fyrirmæli um þetta heldur en gert er í greininni, því vitað er, að undirbúningsmentun prestefna er sumstaðar ábótavant, ekki síst í Vesturheimi, en þaðan er einmitt gert ráð fyrir, að kandiðatar byðust. Vildi því nefndin leggja til, að gert yrði ráð fyrir einhvers konar prófi slikra manna við guðfræðideildina hjer, til þess að fyrirbyggja, að mönnum með minni mentun en hjer á landi væri heimtuð yrðu veitt embætti, því slíkt væri ekki rjettlált gagnvart prestastjett þessa lands.

Enn þá lengra gengur frv. í 2. másl. 4. gr. í þá átt að slaka til á undirbúningsmentun presta og gera menn, sem ekki hafa verið við nám nema 3 ár eða skemur, sbr. trúboðsskóla, í stað hinna venjulega 10 ára hjá prestum hjer, jafnhæfa til prestsvígslu, því að þó þetta eigi samkv. 2. másl. a og b að einö að vera undantekning, þá virðist nefndinni ekki nægileg trygging sett fyrir því, að rjettur lærðra presta sje ekki fyrir borð borinn, þar sem þetta fyrst og fremst verður komið undir áliti safnaðanna. Væri t. d. söfnuði áhugamál að fá kennara, er hann þekti vel, fyrir prest, væri honum innan handar að hafna prestum, er sæktu, og loks að síðustu fá kennarann fyrir prest, ef til vill eftir margar atrennur; væri veitingarvaldið að eins hjá landsstjórninni og biskupi, væri þetta öðru máli að gegna í þessu tilliti.

Það er því hætt við, að þetta gæti orðið til þess með tímanum, að að-

sókn prestsefna að háskólanum yrði minni, þar sem önnur svo miklu auðveldari leið væri að markinu, og loks gæti svo farið, að megnið af prestastjett landsins yrði prestkennarar, og hvað slíkt væri holt fyrir hina íslensku kirkju, virðist vafamál; að minsta kosti getur nefndin ekki fallist á slíkt fyrirkomulag, meðan ríkið hefir afskifti af kirkjunni og prestastjettinni. Væri ríki og kirkja aðskilin, gætu söfnuðirnir átt um þetta við sjálfa sig.

Þar að auki virðist sú stefna vera ofarlega á baugi með þjóð og þingi, að gera prestastjettina þýðingarmeiri fyrir þjóðfjelagið, líkt og áður var, með því að fela henni allmikið af starfi kennaranna, og því væri ekki heppilegt að grafa jafnframt undan henni hinn rjetta stjettargrundvöll.

Oss virðist því ekki mega hrapa að þessu og sjálfsagt sje að bera þetta undir prestastjettina áður en þessi ákvæði yrðu að lögum.

Í 14. gr. er gert ráð fyrir, að prestur geti orðið fyrir sektum eða embættismissi, ef hann fer inn á starfsvið nágrannaprests; slíkt virðist nokkuð hart, og ætti að nægja þar codex ethicus, ekki síður fyrir slíka stjett en t. d. lækna-stjettina.

Þá er nýmæli í þessum lögum í 17. gr., þar sem gert er ráð fyrir, að prestar fái aukapóknun fyrir prestsverk samkvæmt gjaldskrá, sem ráðherra setur 10. hvert ár með ráði biskups; áður hafa prestar fengið aukaverk sín greidd eftir verðlagsskrá.

Það skal játað, að gjöld þessi hafa í sjálfu sjer verið nokkuð lág, einkum þar sem prestar hafa orðið að sjá sjer fyrir fararþeina; en þetta hefði mátt lagfæra og hækka gjöldin, þó að reiknuð væru eftir verðlagsskrá, sem alltaf er saungjarn grundvöllur, og landauragjaldið ekki svo fallið úr meðvitund manna eins og gert er ráð fyrir í athugasemdum biskups við frv. sitt, en hins vegar mikið vafamál, eftir reynslu síðustu ára, hvort heppilegt sje að ganga lengra á þeirri braut en gert hefir verið.

Nefndin getur hins vegar fallist á, að sanngjarnt sje að prestar fái ferðakostnað greiddan eins og lækna, en þó virðist nefndinni greinin ekki heppilega orðuð og álitur rjettara, að ákveðið væri, að sá, sem prests þarf með, *sjái honum fyrir fararþeina*, eins og venjulega á sjer stað með lækna, en það verður þá samkomulag milli þeirra, hvernig því er fyrir komið, hvort presturinn leggur sjer sjálfur til hest og fylgd o. s. frv. eða viðkomandi gerir það sjálfur; þetta mun engum ágreiningi valda venjulega og báðum aðiljum hagkvæmara.

Um 20. gr. og nýmælin í henni getur nefndin vísað til þess, sem sagt er um 17. gr.

Nýmælin í 17. og 20. gr. þessa frv. snerta svo mjög söfnuðina, að rjettast þykir, að þau væru lögð undir álit hjeraðsfunda.

Fleiri nýmæli eru í frv., sem virðast þurfa athugunar við, en nefndin lætur sjer nægja það, sem þegar hefir verið tekið fram.

Samkvæmt þessu leggur nefndin til, að frv. verði vísað til landsstjórnarinnar með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ.

Í trausti þess, að landsstjórnin taki frv. til yfirvegunar og athugunar á ný og leiti áhlits synodusar, guðfræðideildar háskólans og hjeradsfunda um það, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 23. mars 1922.

Karl Einarsson,
form.

Guðm. Guðfinnsson,
fundaskrif. og frsm.

Sigurður Jónsson.